

Eskifirði 01.11.2023

Bæjarstjórn og bæjarstjóri Fjarðabyggðar

Hafnargötu 2

730 Fjarðabyggð

Erindi: Ósk um endurbætur og viðhald á Melbæ

Félag eldri borgara á Eskifirði fer enn og aftur fram á nauðsynlegar endurbætur og viðhald á Melbæ, þannig að félagsmenn geti nýtt húsið fyrir starfsemi sína.

Félagið harmar það virðingarleysi sem stjórn Fjarðarbyggðar hefur sýnt félaginu á liðnum árum, en félagið hefur ítrekað sent bæjaryfivöldum erindi vegna óviðunandi ástands í Melbæ.

Forsaga þessa máls er mjög löng eða allt frá því að félagið tekur við húsinu, sem var byggt sem leikskóli.

T.d. er eldhúsið í Melbæ hannað sem afdrep fyrir starfsfólk leikskóla, en ekki sem framleiðslueldhús fyrir þá starfsemi sem þar fer fram í dag. Starfsemin fer því fram á undanþágum frá þeim reglum sem í gildi eru fyrir hliðstæða starfsemi.

Eins og fram kemur í bréfi frá 08.11.2022 hefur Jón Grétar Margeirsson komið og skoðað hvað það er sem helst þarf að bæta innandyr, auk þess er útlit hússins orðið til mikilla vansa fyrir Fjarðabyggð.

Meðfylgjandi er afrit af samskiptum Félags eldri borgara, heilbrigðiseftirlis og bæjarstjórnar frá árinu 2011. Aldrei hafa yfirvöld bæjarins látið svo lítið að svara póstum.

Það er vona okkar að í þetta sinn verði okkur ekki bara svarað, heldur verði ráðist í framkvæmdir við Melbæ hið fyrsta þannig að starf eldri borgara á Eskifirði geti vaxið og dafnað.

Með bestu kveðjum,

*Jónna Þ. Gunnarsdóttir
Jóhanna V. Gunnarsdóttir
Þorsteinn Guðmundsson
Guðrún Gunnarsdóttir
María Óskarsdóttir*

Afrit sent:

Laufeyju Þórðardóttur, félagsmálastjóra.